

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr dagsgömlum varphænum eftir móttöku í uppeldishúsinu.

Svona skalt þú taka sýni:

Sýnatökuplan fyrir varphænur

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
Uppeldi	Dagsgamlir ungar	Uppeldishús	- Kassaklæðing - eða tausýni = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf	
	2 vikum fyrir flutning í varphúsið	Uppeldishús	- 2x150 g saursýni - eða skóhlífasýni 2 pör = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf	
Fullorðnar Varphænur	Á 15 vikna fresti (1. sýnatakan á aldrinum 22-26 vikna)	Varphús	- 2x150 g saursýni - eða skóhlífasýni 2 pör = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf, nema þegar MAST tekur sýni	1 sýni árlega úr einum hópi hjá hverjum framleiðanda >1000 fuglar

Sýni með tauklútum

Þú tekur eitt safnsýni með tauklútum af öllu yfirborði botnsins úr minnst 5 flutningskörfum, valdir af handahófi, eða samtals minnst 1m² flatarmál strax eftir móttöku ungana og safnar þeim í poka.

Kassaklæðning

Eftir flutningi tekur þú sýnilega óhreinar kassaklæðningar úr minnst 5 flutningskörfum, valdir af handahófi, þannig að alls séu tekin sýni af minnst 1 m², og setur þær í poka.

Frágangur

Þú merkir sýnið vel með rekjanleikanúmer hænsnahópsins og sýnatökudagsetningu. Fylltu út eyðublaðið nákvæmlega og sendu sýnið með rannsóknarbeiðnina samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Forðaðu sýninu frá miklum hita eða sólskini.

Ef þú getur ekki sent sýnið samdægurs eða innan við 24 klst. þarft þú að geyma það í kæli við 2-8°C. Ath: Sýnið telst órannsóknarhæft ef yfir 96 klst. liða frá sýnatöku þar til rannsókn hefst og er þá ógilt.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni og límmiðar
- Rannsóknareyðublað (<http://www.mast.is/eydublod/bufe>)

- Kassi til sendingar

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökur skv. reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Útgáfudagur: 1. nóvember 2011